

Efnahags- og skattanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp tillaga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál.**

Ríkisstjórnin hefur lagt fram viðamikið frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem ætlað er að mæta því tekjufalli og þeim útgjaldaauka sem ríkissjóður hefur orðið fyrir vegna efnahagshrunsins.

Landssamtök lífeyrissjóða gera sér fullkomlega grein fyrir því að stjórnvöld þurfa að grípa til margvíslegra aðgerða í kjölfar falls viðskiptabankanna þriggja og þeirra miklu skulda sem þeir skilja eftir sig. Landssamtök lífeyrissjóða geta því tekið undir mörg þau úrræði, sem fram koma í frumvarpinu, en gera þó athugasemd við það atriði, sem varðar skerðingu grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðatekna, sbr. d liður í 14. grein frumvarpsins.

Með því að skerða grunnlífeyrir vegna ellilífeyris frá lífeyrissjóðunum er farið inn á nýjar brautir varðandi samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða. Fram til þessa hefur tekjutrygging lækkað umtalsvert vegna lífeyrissjóðstekna og hafa lífeyrissjóðirnir og þau hagsmunasamtök að þeim standa varað eindregið við óhóflegri skerðingu á tekjutryggingu almannatrygginga vegna bóta frá lífeyrissjóðunum.

Nú hefur að vísu verið sett frítekjumark á bætur almannatrygginga á örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna og í frumvarpinu er gert ráð fyrir frítekjumarki á lífeyrissjóðatekjur ellilífeyrisþega, sem nema mun 10.000 kr. á mánuði og er í sjálfu sér alltof lágt. Hins vegar er, eins og áður segir, nýlunda í frumvarpinu að lífeyrir úr lífeyrissjóðum geti skert grunnlífeyri almannatrygginga, sem fram til þessa hefur verið látinn í friði, þegar kemur til skerðingar á bótum almannatrygginga.

Á ráðstefnu Alþýðusamband Íslands um velferðarkerfið sem haldin var fyrir nokkrum árum kom fram sú eindregna skoðun ræðumanna, að ekki mætti einskorða bætur almannatrygginga einvörðungu við þá sem verst væru settir í þjóðfélaginu. Einn fremsti fræðimaður Norðurlanda á svið velferðar- og lífeyrismála, Joakim Palme, dró í

erindi sínu dökka mynd af því ástandi sem myndaðist þegar velferðarkerfi væru aðeins hugsuð sem aðstoð fyrir þá allra verst settu í þjóðfélaginu.

Afleiðing slíks kerfis væri sú að mati Palme að velferðarkerfið væri svelt, vandkvæði tengd neikvæðri stimplun styrkþega kæmi upp auk fátæktargilda. Því meira sem bætur eru lágtekjumiðaðar, því lægri verður upphæðin sem er til ráðstöfunar, þ.e. því meiri áhersla verður lögð á að beina bótum aðeins til hinna fátækustu í samfélaginu, því minni árangri nær velferðarríkið í því að draga úr ójöfnuði.

Landssamtök lífeyrissjóða taka undir þessa skoðun og telja að almannatryggingar, eins og nafnið gefur til kynna, eigi að greiða öllum landsmönnum ótekjutengdan grunnlífeyri, en megi alls ekki vera eins konar fátækraftofnun fyrir þá sem eru verst settir þjóðfélaginu. Samtökin skora því á stjórnvöld að finna aðrar leiðir til að afla ríkissjóði tekna, heldur en að skerða grunnlífeyri vegna lífeyrissjóðstekna.

Í viðamikilli skýrslu sem byggð er á rannsóknum á lífeyriskerfum víða um heim og á ástandi og horfum í lífeyrismálum (1994) leggja sérfræðingar Alþjóðabankans áherslu á lífeyriskerfi sem byggt er á þremur stöðum:

- **1. stoð:** Opinbert kerfi með skylduaðild, fjármagnað með sköttum. Þetta svarar til almannatryggingakerfisins hér á landi.
- **2. stoð:** Uppistaða kerfisins verði sjóðssöfnunarkerfi með skylduaðild. Það sé rekið utan opinbera geirans en undir opinberu eftirliti. Þetta svarar til almennu lífeyrissjóðanna hér á landi.
- **3. stoð:** Frjáls einstaklingsbundinn sparnaður. Á t.d. við um sparnað einstaklinga hjá séreignarsjóðum.

Augljóst er að íslenska lífeyriskerfið uppfyllir þessa forskrift Alþjóðabankans enda stendur það að flestu leyti nokkuð vel og þykir til fyrirmyndar. Það væri því ekki skynsamlegt að búa svo um hnútana að aftengja fyrstu stoðina, þ.e. bætur frá almannatryggingum, gagnvart fjölda fólks sem hefur á umliðnum árum verið að vinna sér inn viðbótarlífeyrisréttindi með iðgjaldagreiðslum til skyldubundinna lífeyrissjóða. Það er til lítills að skylda starfandi fólk að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða, ef séð verður að viðkomandi sjóðfélagar fái alls engar bætur eða mjög skertar bætur frá almannatryggingum.

Virðingarfyllst,  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA  
